

Leikskólinn Birkilundur



Ársáætlun  
veturinn 2008-2009

<b>Efni bæklingisins:</b>	<b>bls</b>
Velkomin í Birkilund, opnunartími, netfang .....	2
Starfsfólk .....	2
Foreldrafundur .....	3
Foreldraviðtöl .....	3
Skógurinn .....	4
Starfið á Kvistalandi .....	4
Starfið á Könglalandi .....	5
Tónlist .....	7
Furuhópur - elsti árgangur leikskólans .....	7
Gaman-saman .....	8
Íþróttahús .....	8
Skipulags- og námskeiðsdagar .....	8
Dagskipulag .....	9

## Velkomin í Birkilund

Opnunartími 7:45-16:00

sími 4538215

netfang: [birkilundur@skagafjordur.is](mailto:birkilundur@skagafjordur.is)

### Starfsfólk veturinn 2008-2009

**Leikskólastjóri:** Steinunn Arnljótsdóttir

#### **Kennarar á Könglalandi:**

**Linda Björnsdóttir** er deildarstjóri. Hennar vinnutími er frá kl 8 til 16 mánud. - fimmtud. Hún er með undirbúningstíma á mánud. kl 9-11:30 og frá kl 14:20-16:00 á miðvikud. og fimmtud., en á deildarstjórafundum á þriðjudögum kl 14:20-16:00.

**Sigríður Halldóra Sveinsdóttir** leikskólakennari vinnur frá 7:55 til 15:55 alla daga, nema á föstudögum hættir hún kl 13:25. Hún er með undirbúningstíma á mánud. og þriðjud. frá kl 13:55-15:55.

**Sonja Mannhardt**, grunnskólakennari, vinnur frá 8-16 alla daga. Hún er með undirbúningstíma á mánud. frá kl 14:20-16:00, þriðjud. frá 12-13 og á föstudögum frá 14-16.

**Drífa Árnadóttir** vinnur frá 7:45-15:45 á mánudögum og miðvikudögum en frá 8-16 á þriðjudögum.

**Helga Árnadóttir** vinnur frá 8:10-16:10 á fimmtud. og föstud.

**Bogdís Hermannsdóttir** er á Könglalandi á mánudögum frá 9:00-12:00 og 14-16, á þriðjudögum frá 12-16 og á föstudögum frá 8-13.

**Kennarar á Kvistalandi:**

**Sigríður M. Helgadóttir** er deildarstjóri. Hún vinnur frá 8-16 alla daga. Hún er með undirbúningstíma á mánud., miðvikud. og föstud. frá 14:20-16 og á deildarstjórafundum á þriðjudögum á sama tíma. Sigríður er staðgengill leikskólalastjóra.

**Guðbjörg Sigfúsdóttir** leikskólakennari vinnur frá 8:15-14:00 alla daga. Hún er með undirbúningstíma kl. 10:30-11:30 á mánud., miðvikud. og föstud. og frá 12:30-13:30 á föstud. Svo er hún í skóla á mánudögum frá kl 12:00-16:00 og þriðjudögum kl 9:30-12:00.

**Selma Guðjónsdóttir** mætir kl 7:40 alla daga. Hún er til 16 alla daga nema á föstudögum hættir hún kl 14:20.

**Laufey Jakobsdóttir** er frá 8:10-16:10 mánud., þriðjud. og miðvikud. og frá 8-16 á föstud.

**Bogdís Hermannsdóttir** er á Kvistalandi á mánudögum frá 8-9 og aftur kl 12-14., á þriðjud. frá 8-12 og á fimmtud. frá 8-14.

**Matráður:** Jóna Gísladóttir

**Ræsting:** Sigurlaug Markúsdóttir

**Foreldrafundur**

Almennur foreldrafundur verður þriðjud. 14. okt. kl 20:30. Kynnt verður Námskrá Birkilundar, sem unnin var á síðasta ári, og helstu atriði í vetrarstarfinu. Einnig verður aðalfundur foreldrafélagsins: kosning í stjórn og umræður um verkefni og starf. Kaffi og meðlæti í boði foreldrafélagsins.

**Foreldraviðtöl** foreldra við deildarstjóra munu fara fram á tímabilinu frá janúar fram í apríl.

## Skógurinn

Við höfum fengið leyfi frá Skógræktarfélagi Skagafjarðar til þess að nota skóginn norðan við leikskólann. Höfum við helgað okkur svæði þar og gert smá leikaðstöðu. Ætlunin er að hvert barn fái að vera þar dagpart einu sinni í viku. Undanskilin eru eins og tveggja ára börnin.

## Starfið á Kvistalandi

Hópastarf:

Á Kvistalandi eru 12 börn í vistun, 8 drengir og 4 stúlkur. Sjö börn eru fædd 2005, tvö börn 2006 og þrjú börn 2007. Á hverjum morgni milli kl. 9 og 10 skiptum við barnahópnum þannig að börnin sem fædd eru 2005 eru saman í hóp sem við köllum Asparhóp og þau börn sem fædd eru 2006 og 2007 eru saman í hóp sem kallast Viðjuhópur. Alltaf eru tveir kennarar með hvorn hóp.

Við byrjum hópastarfið á því að allir á deildinni börn og kennarar setjast niður: syngjum, spjöllum og æfum okkur í „Tákn með tali“ og leggjum áherslu á að nota það í daglegu starfi með börnunum. Í hverri viku er unnið með ákveðið viðfangsefni þar sem börnin fá útrás fyrir sköpunargleði sína t.d. mála, vatnslita, klippa, líma og fl. Öll börnin fá tækifæri til að taka þátt í þeirri vinnu. Á þriðjudögum fer Asparhópurinn í Furuland, á fimmtudögum í Íþróttahúsið og einu sinni í viku í skógarferð. Báðir hóparnir fara í könnunarleik einu sinni í viku. Í könnunarleiknum felst að börnin eru í litlum hópum að skoða, handfjatla og kanna hluti s.s. dósir, kökubox, eggjabakka, plastflöskur, köngla, lykla, keðjur og ýmislegt fleira. Börnin eru af eigin hvötum að kanna hlutina og gera tilraunir á þeim. Hlutverk starfsmanna er að vera til taks og fylgjast með án afskipta og gefa börnunum tækifæri til að uppgötva sjálf. Börnin fá því gott svigrúm til að njóta sín í leiknum í

hópastarfinu.

Við erum daglega með samverustundir þar sem við syngjum lesum sögur og spjöllum saman.

Útivera er stór hluti af daglega starfinu , hreyfing og útivera eru samtengdir þættir.

Við leggjum áherslu á leikinn, þar sem hvert barn fær notið sín á sínum forsendum.

*Í Aðalnámskrá leikskóla stendur: Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningaform barns. Í bernsku felur leikur í sér nám. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leikjum þess*

Í leik gefst barni kostur á að efla alhliða þroska sem felst m.a. í líkams- og hreyfiproska, tilfinningarþroska, vitsmunaproska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgætisvitund. Við kappkostum að hafa nægan tíma og rúm fyrir leikinn á Kvistalandi.

## **Starfið á Könglalandi.**

Hópastarf

Á Könglalandi eru 23 börn í vistun, 13 drengir og 10 stúlkur. 12 börn eru fædd árið 2003, 9 börn árið 2004 og 2 börn árið 2005.

Hópastarf er 2-4 sinnum í viku, klukkustund í senn. Hópastarf fer þannig fram að það hefur alltaf upphaf ( t.d lag sungið, bjóða velkominn), síðan fer fram viðfangsefnið/verk-efnið sem hópurinn ætlar að fást við og að lokum endir (hópurinn þakkar fyrir samveruna).

Markmiðið með hópastarfi er að læra að vinna í hóp, skiptast á skoðunum meðal jafningja og finna til samkenndar. Í hópastarfi fer fram markviss kennsla í gegnum leik. Sömu

kennarar fylgja sama hópnum allan veturinn.

**Börn fædd árið 2003 eru í Furuhóp, þau fara í:**

Furuland á mánudögum

Íþróttahús á þriðjudögum.

Könglaland á miðvikudögum í tónlist og málrækt.

Könglaland á fimmtudögum í Stig af stigi og verkefnavinnu.

Furuland á föstudögum.

**Börn fædd árið 2004 og 2005 eru í Lerkihóp, þau fara í:**

Íþróttahús á mánudögum.

Könglaland á þriðjudögum í málörvun/myndsköpun/Stig af stigi.

Furuland á miðvikudögum/hluti af hópnum fer í skóginn.

Furuland á fimmtudögum/hluti af hópnum fer í skóginn.

Könglaland á föstudögum í tónlist.

Í vetur vinna börnin í hópatímum að:

- **Myndsköpun**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, þroski með sér einbeitingu og eflisamhæfingu handa og augna. Barnið endurspeglar oft í myndverkum sínum þá reynslu sem það hefur upplifað, þær tilfinningar sem bærast með því og það sem því er hugleikið.
- **Tónlist**, þar sem markmiðið er að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda í gegn um söng, hlustun (tónverk, hljóðaspil, ofl), hreyfingu (dans ofl.), hljóðgjafa og hljóðfæri.
- **Málörvun**, þar sem markmiðið er að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám. Við notum bókina Markvissa málörvun ofl. og vinnum með þulur, rím, klappa atkvæði, spil, leiki, lestur og ritun.

- **Hreyfingu**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína og að auka/efla líkamlegt úthald. Til þess notum við leiki, íþróttahús og nánasta umhverfi til að fara í gönguferðir.
- **Félagsfærni**, þar sem unnið er með **Stig af stigi**.

## Tónlist

Síðastliðinn vetur fengum við til liðs við okkur þær Kristínu Höllu Bergsdóttur og Jóhönnu Marín Óskarsdóttur tónlistarkennara til að vera með tónlistarstund með börnunum á Könglalandi og verður svo einnig í vetur. Jóhanna verður með eldri börnin á miðvikudögum kl 9 en Kristín Halla með yngri börnin á föstudögum kl 9. Þetta verður í október og nóvember en tekið hlé í desember. Byrjar aftur í janúar og verður fram á vorið, líklega með einhverjum hléum.

## Furuhópur - elsti árgangur leikskólans

Markmiðið með vinnunni í Furuhóp er að bjóða elstu börnunum upp á fjölbreytt og þroskandi verkefni sem stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu þeirra og efla með þeim vináttu og samkennd. Leitast verður við að rækta tjáningar og sköpunarmátt barnanna til að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt. Að börnin þjálfist í að vinna saman og sýna öðrum tillitssemi og umburðarlyndi. Stuðla að því að börnin öðlist færni sem talin er nauðsynleg þegar leikskóla líkur og grunnskólinn tekur við.

Öll vinnan í Furuhóp er miðuð við að komið sé til móts við mikla fróðleiksfýsni og aukna getu elstu barnanna, með því að gefa þeim kost á erfiðari viðfangsefnum, sem krefjast meiri einbeitingar og úthalds. Þetta eru ýmis leikskólaverkefni sem byggja á starfsaðferðum og hugmyndafræði leikskóla.

Á hverju hausti er lagt fyrir elstu börn leikskólans próf í leikjaformi, til að kanna hljóðkerfisvitund þeirra. Í þessum



leikjum eru börnin að ríma, búa til ný orð og leika sér með orð og hljóð á margan hátt. Þessi leikur að orðum og hljóðum er undanfari lestrarnáms. Hæfnin eða þroskinn til að geta slíkt kallast hljóðkerfisvitund. Prófið gefur vísbendingar um hvaða börn eru líkleg til að eiga síðar í erfiðleikum með lestrarnám. Tilgangurinn með því að nota þetta próf er að finna þessi börn og þjálfa hljóðkerfisvitund þeirra.

Í Furuhóp er unnið á margvíslegan hátt að þjálfun hljóðkerfisvitundar. Notuð eru verkefni og leikir úr bókunum: Markviss málörvun, Leggðu við hlustir og Ljáðu mér eyra.

**Vettvangsferðir.** Farið verður í vettvangsferðir í nágrenni leikskólans, t.d. á bókasafnið í Varmahlíðarskóla, upp á Reykjarhólinn, inn í skóginn og fl. Í maí verður farið í heimsókn á byggðasafnið í Glaumbæ. Starfinu í Furuhóp líkur svo formlega með útskrift í lok maí.

## **Gaman-saman**

### **Samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla**

Haustið 2007 fóru Birkilundur og Varmahlíðarskóli af stað með tilraunaverkefni. Markmiðið með því er að auka gagnkvæm samskipti á milli skólanna, m.a. til þess að auðvelda börnunum flutning á milli skólastiga. Elstu börn leikskólans fara í heimsóknir í mismunandi stofur og með ýmsum bekkjum í Varmahlíðarskóla og börn úr Varmahlíðarskóla koma í heimsókn í Birkilund.

## **Íþróttahús**

Mánudagar kl 9:10 - Lerkiþópur, yngri börnin á Könglalandi  
Þriðjudagar kl 9:10 - Furuhópur, eldri börnin á Könglalandi  
Fimmtudagar kl 9:50 - Asparhópur, eldri börnin á Kvistalandi

## **Skipulags- og námskeiðsdagar - leikskólinn lokaður**

Mánudagur 25. ágúst                      Skipulagsdagur

Föstudagur 19. september	Haustþing
Fimmtudagur 26. febrúar	Námskeiðsdagur
Priðjudagur 14. apríl	Skipulagsdagur

## Dagskipulag á Könglalandi

07:45 leikskólinn opnar, val  
08:15 morgunmatur/val  
08:45 val á Könglalandi og í Furulandi  
10:15 hópastarf  
11:30 söngur - samverustund  
12:00 hádegismatur  
12:30 lestur - útivera  
13:00 útivera  
14:30 rólegir leikir  
15:00 síðdegisdrykkur  
15:30 frjáls leikur  
16:00 leikskólinn lokar

## Dagskipulag á Kvistalandi

07:45 leikskólinn opnar, rólegir leikir  
08:30 morgunmatur  
09:00 frjáls leikur/hópastarf  
10:00 ávaxtatími  
10:30 útivera  
11:30 börnin koma inn, þvottur og bleiuskipti  
11:45 hádegismatur  
12:10 hvíld/samverustund  
13:00 útivera  
14:15 frjáls leikur/útivera  
15:00 síðdegisdrykkur

15:30 frjáls leikur

16:00 leikskólinn lokar